

Borgarráð

Húsnæði fyrir Dansverkstæðið

Lagt er til að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði falið að ganga frá samningi við Reiti um leigusamning vegna Hjarðarhaga 45 – 47. Samkvæmt fyrirbyggjandi samningi sem gerður hefur verið við Reiti, með fyrirvara um samþykki borgarráðs, verður árleg leiga fyrir húsnæðið kr. 16.438.000.

Húsnæðið verður síðan endurleigt Dansverkstæðinu fyrir sömu upphæð að viðbættum kr. 3.000.000 árlega vegna breytingakostnaðar. Reykjavíkurborg greiðir þegar fyrir húsnæðið svo um er að ræða tilfærslu á rekstrarkostnaði. Árleg leiga Dansverkstæðisins til Reykjavíkurborgar verður því kr. 19.438.000. Jafnframt að veita heimild fyrir breytingum á húsnæðinu svo að það henti starfsemi Dansverkstæðisins fyrir allt að kr.45.000.000. Breytingakostnaðurinn komi af fjárfestingalið og rúmast þessi kostnaðaraukning innan ramma fjárfestingaáætlunar. Þá er lagt til að Dansverkstæðinu verði veittur árlegur húsaleigustyrkur sem nemur kr. 15.000.000 á ári og verði þeirri fjárhæð bætt við rekstrarramma Menningar- og ferðamálasviðs við gerð næstu fjárhagsáætlunar. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði tilbúið fyrir hina breyttu notkun um næstu áramót og þá byrji Dansverkstæðið að greiða leigu.

Greinargerð:

Dansverkstæðið hefur verið starfsrækt um nokkurra ára skeið og haft aðsetur sitt á Skúlagötu fyrir ofan Kex hostel. Í ágúst sl. þurfti að loka starfseminni þar vegna breytinga sem eru að verða í húsinu. Hefur verið unnið að því að finna starfseminni stað annars staðar og er húsnæðið að Hjarðarhaga ákjósanleg lausn. Þar verður hægt að koma fyrir 3 dansstúdíóum, misstórum, þar sem atvinnudansörum verður boðin vinnuadstaða.

Auk þess verður í húsinu góð funda- og skrifstofuaðstaða. Samtök um Danshús standa að rekstri Dansverkstæðisins en þau voru stofnuð sumarið 2010 til að vinna að því markmiði að koma á fót Danshúsi í Reykjavík, sem verði heimili dansins á breiðum grunni. Dansverkstæðið – vinnustofur danshöfunda – er fyrsti áfangi í átt að Danshúsi. Þar gefst tækifæri til að styðja við vinnu sjálfstætt starfandi danshöfunda og dansara og byggja upp

innviði fyrir starfsemi Danshúss.

Í Dansverkstæðinu er einnig aðstaða fyrir Reykjavík Dance Festival, Félag íslenskra listdansara og önnur félög og hagsmunasamtök danslistamanna. Þannig er verkstæðið sameiginlegur vettvangur þessara aðila og heimili dansins. Samtökin vinna að stofnun Danshúss í Reykjavík í góðri samvinnu við félagasamtök danslistamanna og listdansstofnanir. Innan greinarinnar er breið samstaða um það sjónarmið að slíkt hús geti verið mikil lyftistöng fyrir danslistina og bætt aðstæður allra sem vinna við dans.

Dagur B. Eggertsson